**Kennsluáætlun skólaárið 2020 - 2021**

# Skólaíþróttir 3. bekkur

Í skólaíþróttum eru ein 60 mínútna kennslustund á viku í 3. bekk. Kennari er Amir Mehica

## Vinnulag

Markmið skólaíþrótta eru eftirfarandi:

Að örva hreyfi – og félagsþroska nemenda og efla afkastagetu hans. Að nemendur upplifi íþróttir á jákvæðan máta og hafi ánægju af. Fái fræðslu um íþróttir og heilsuvernd. Áhersla er lögð á að hafa íþróttakennsluna fjölbreytta.

Meginviðfangsefni haustannarinnar eru: Efling hreyfiþroska og hreyfifærni, fjölbreyttir leikir, gleði, samvinnu og jákvæð samskipti. Við förum í leiki, stöðvar, boltagreinar, badminton, þrautabrautir o.fl.

## Vinnuáætlun

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið – notuð við námsmat | Afurð / Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Hreyfiþroski, hreyfifærni, liðleiki og samhæfing** | • Fjölbreyttir leikir sem reyna á úthald, samvinnu og samskipti.<br>• Stöðvar – mismunandi stöðvar þar sem lögð er áhersla á samvinnu, | **Nemandi getur…**<br>• Gert æfingar sem reyna á hreyfijafnvægi, styrk, þol og samhæfingu | • Virkni og þátttaka nemenda í kennslustundum |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | jafnvægi, hreyfifærni, samhæfingu,styrk og þol.<br>• Hreyfiþroskapróf | | |
| **Leikir, leikreglur og íþróttagreinar** | • Fjölbreyttir leikir sem stuðla að samvinnu og færni í að fylgja leikreglum<br>• Þematengdar stöðvar í takt við þá íþróttagrein sem unnið er með hverju sinni. | **Nemandi getur ...**<br>• Sýnt einfalda boltafærni og tekið þátt í boltaleikjum.<br>• Unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum.<br>• Tekið þátt í fjölbreyttum leikjum sem efla sjálfstraust og viljastyrk.<br>• Komið fram við aðra af virðingu og kurteisi.<br>• Farið eftir settum skipulags- og umgengnisreglum, tekið tillit til annarra og upplifað skólaíþróttir á jákvæðan hátt<br>• Unnið vel og farið eftir fyrirmælum | • Þátttaka nemenda í kennslustundum<br>• Geta nemenda til að vinna með öðrum og fara eftir reglum |

Foreldrar eru hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is.

## Námsmat

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok

Með ósk um gott gengi,

Amir Mehica